

Árið 1917: Melvin Jones stofnaði Lionshreyfinguna 7. júní, samtök til að líkna öðrum „að leggja lið“.

Árið 1925: Helen Keller ávarpaði þing Lionsfélaga og hvatti hreyfinguna til þess að gerast riddarar hinna blindu.

Árið 1930: Lionsfélaginn Georg A. Bonham fann upp á hvíta stafnum fyrir blinda.

Árið 1968: LCIF, Lions Club International Foundation (Alþjóðahjálparsjóður Lions) var stofnaður. Framlög úr honum fara fyrst og fremst til 8 höfuðflokka:



Árið 1987: Konur fengu rétt til að vera fullgildir Lionsfélagar.

Leo er ungliðahreyfing Lions fyrir ungt fólk á aldrinum 12-30 ára sem skiptist í Alpha og Omega eftir aldri.

Lionsklúbbum er skipað í umdæmi eftir fjölda klúbba, lionsfélaga og landfræðilegri skiptingu. Umdæmistjóri myndar umdæmistjórn sér til aðstoðar. Umdæmum er skipt upp í svæði, sem stýrt er af svæðisstjórum. Ef fleiri en eitt umdæmi er í landinu er myndað fjölumdæmi. Fjölumdæmistjóri myndar fjölumdæmistjórn sér til aðstoðar.

Lionshreyfingin er alþjóðleg hreyfing. Árlega er haldið Alþjóðafundur og þar er kosinn Alþjóðaforsæti og alþjóðastjórn til að stýra hreyfingunni. Fimm Íslendingar hafa setið í alþjóðastjórn.

Árið 2018: Guðrún Björt Yngvadóttir, var kosin Alþjóðaforsæti, fyrst kvenna.

Lions á Íslandi tekur þátt í alþjóðasamstarfi með hinum Norðurlöndunum. Norræna samstarfsráðið, NSR, heldur fund einu sinni á ári og skiptast löndin á að halda hann.



Árið 1951: Fyrsti Lionsklúbburinn á Íslandi, Lkl. Reykjavíkur, var stofnaður þann 14. ágúst, að frumkvæði Magnúsar Kjara.

Árið 1972: Lionshreyfingin á Íslandi fékk númerið 109. Fjölumdæmið skiptist í tvö umdæmi 109A og 109B.

Íslenska hreyfingin er með nokkur sameiginleg verkefni:



Lions á Íslandi rekur tvo verkefnasjóði: „Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar“ veitir neyðaraðstoð og styrki til innlendra og alþjóðlegra verkefna. „Verkefnasjóður Lionsfjöllumdæmis 109“ heldur utan um fjármagn til fastra verkefna.

Lionsklúbbar á Íslandi styðja við ýmis málefni/verkefni í heimabyggð, bæði með vinnuframlagi og styrkjum.

Lionshreyfingin rekur skrifstofu að Hlíðasmára 14, Kópavogi. Þangað geta allir félagar og stjórnir klúbba leitað. Á skrifstofunni er seldur margvíslegur varningur fyrir félagsstarfið.

Tímaritið Lion kemur út 6 sinnum á ári

Heimasíða Lionshreyfingarinnar á Íslandi: www.lions.is

Facebook-síður: Lions á Íslandi (opin síða) og LIONS MÁL. (lokuð síða fyrir Lionsfélaga).

Heimasíða LCI: www.lionsclub.org

Í skipulagi Lionshreyfingarinnar er ákveðin þrískipting þ.e. klúbburinn, umdæmið og Alþjóðahreyfingin. Til að annast rekstur þessara eininga greiða Lionsfélagar félagsgjöld.

Lionshreyfingin leggur mikla áherslu á að fræða félagana bæði um starf hreyfingarinnar sem slíkrar en einnig að auka færni þeirra í félagsstörfum. Í boði eru námskeið af ýmsum toga, Leiðtogaskóli og skólar fyrir verðandi embættismenn.

Litirnir í merkinu hafa ákveðna merkingu. Strax í upphafi var ákveðið að opinberir litir hreyfingarinnar skyldu vera hinir konunglegu litir blár og gylltur. Litirnir minna Lions féлага á þessa eiginleika: Tryggð, hollustu, heiðarleika, einlægni, heilbrigði, umburðarlyndi og örlæti.

Hvað táknar Lionsmerkið? Ekki bara konung dýranna. Orðið Lions er skammstöfun á enskum orðum sem túlka mikilvæga þætti í félagsskap okkar.

L = liberty (frelsi)

I = intelligence (skilningur)

O = our (okkar)

N = nations (þjóðar)

S = safety (öryggi)



Ljónin sem horfa bæði fram og aftur tákna það að horfa til framtíðar og til fortíðar. Við horfum stolt til fortíðar og reynslunnar sem við höfum öðlast og lítum björtum augum til framtíðar og tækifæranna sem bíða okkar.

Gleymum ekki að bera merkin okkar. Lionsmerkið gefur oft tækifæri til að ræða við aðra Lionsfélaga sem við mætum á förnum vegi.

Sjá nánar á vef lions.is undir Fræðsla/Ýmis fræðsla/Nýliðamappa – uppfærð 10.6 2021.

Sjá slóð: nylidamappa10.-juni-2021.pdf (lions.is)